

Nd.

274. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtahrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem að mestu er sniðið eftir lögum nr. 51, 10. nóv. 1913.

Meðan eftirspurn eftir sparifje er jafnmikil og verið hefir undanfarið, og innlánsvextir þar af leiðandi jafnháir og nú eru þeir, verða hinir mestu erfiðleikar á að útvega fje til veðlánsstarfsemi með þeim kjörum, sem viðunanleg mega teljast þeim, er slík lán þurfa að nota.

Það er þó vitanlegt, að mjög mikil þörf er slikra lána, t. d. til bygginga í Rvík; því trauðla mun húsaleiga þar verða viðunandi öllum þorra manna nema bygt verði að miklum mun meira en nú er. Einhver besta hjálp til þeirra, sem byggja vilja, er að útvega þeim sem ódýrust langs tíma lán. Fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti greitt byggingarkostnað að öðru en því, sem út á húsið fæst í veðdeild, og þurfa því að taka lán, sem þá fást aðeins til stults tíma.

Þar sem nú er sýnileg vöntun á veltufje til atvinnuveganna, getur svo farið, að erfiðt verði að selja bankavaxtabrjef.

Nefndin vill því, að tilhlutun fjármálaráðherra og í samráði við hann, gera tilraun til að bæta úr söluerfiðleikum brjefanna með því að gefa ríkisstjórninni heimild til að taka lán erlendis til að kaupa fyrir bankavaxtabrjef.

Nefndin leggur til, að frv. á þskj. 20 með breytingum Ed. á þskj. 150 verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

Eftir 24. gr. komi ný gr., er verði 25. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á alt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknnum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

Alþingi, 3. apríl 1926.

Kl. Jónsson, formaður.	Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.	Magnús Jónsson.
	Halldór Stefánsson.	Björn Lindal.	Jakob Möller, með fyrirvara.